



Listahátíð um helgina

Í KVÖLD

Jazzveisla í Óperunni kl. 20
Rómeó og Júlía í Borgarleikhúsinu kl. 20

Á MORGUN LAUGARDAG

Raunveruleikatékk á Austurvelli kl. 13
Brúðuleikhús v. útitaflíð Lækjargötu kl. 13,
14.30 og 16
Kammerkórinn Carmina í Kristskirkju kl. 16
Rómeó og Júlía kl. 20

Á SUNNUDAGINN

Malarastúlkan fagra í Fríkirkjunni kl. 11
Kammerkórinn Carmina í Kristskirkju kl. 16
Bedroom Community í Þjóðleikhúsinu kl. 20

Opnanir á ljósmyndasýningum alla helgina.



Skoða dagskrá og kaupa miða: www.listahatid.is og www.midi.is



Í KVÖLD - Tvöfaldir jazztónleikar á tvöföldu afmæli

Í kvöld stíga tveir fremstu jazztónlistarmenn heimsins á stökk í Íslensku Óperunni. Þau **Marilyn Mazur** og **Sidsel Endresen** koma fram ásamt öðrum framúrskarandi norrænum jazzistum á tvöföldum tónleikum í tilefni 20 ára afmælis Jazzhátíðar Reykjavíkur og 40 ára afmælis Listahátíðar í Reykjavík. **Marilyn Mazur** er gríðarlegur áhrifavaldur í jazz- og heimstónlist og lék hún lengi á slagverk með Miles Davis og Wayne Shorter áður en hún fór að einbeita sér að eigin sköpunarferli. **Sidsel Endresen** hefur um árabil veitt ferskum vindum inn í spunatónlist um allan heim og tilheyrir þeim hópi listamanna sem skilgreinir og endurskilgreinir tónlistina í sífellu. Meðleikarar Marilyn á tónleikum á Listahátíð í Reykjavík



Líttu í miðbæinn um helgina - brúðuleikhús undir berum himni og leiðsögn um útiljósmyndasýningu

Miðborgin ólgar af lífi um helgina, sem er stútfull af spennandi viðburðum. **Hátíðargestir eru sérstaklega boðnir velkomnir á opnun útiljósmyndasýningarinnar Raunveruleikatékk á laugardaginn kl. 13 en sýningin er opnuð með leiðsögn Æsu Sigurjónsdóttur sýningarstjóra og hefst hún við Landsímahúsið við Austurvöll.** Eftir gönguferð um Raunveruleikatékk er tilvalið að fylgjast með kanadíska brúðuleikkonunni Julie Desrosiers í hlutverki Punzelle flytja **Grimmsævintýrið Rapunzel (Garðabréðu) á útitaflinu við Lækjargötu en sýningar hennar eru kl. 13.00,**



„Ástríðufull, nauðsynleg tónlist“ Bedroom Community á sunnudagskvöld

"I couldn't be any more full of my own happiness than witnessing this night. Bravo and oh and oh to Bedroom Community for their righteous curation and stellar performances. This is passionate, necessary music. Blessed, blessed!" *

Þetta er aðeins brot af stórkostlegum dómum sem fjölþjóðasamstarfið Bedroom Community hefur hlotið fyrir tónlist sína. Sveitin, sem var stofnuð af Valgeiri Sigurðssyni, Nico Muhly, Ben Frost og Sam Amidon, lagði Evrópu að fótum sér með The Whale Watching Tour, sem lýkur með stórtónleikum á Listahátíð í Reykjavík í Þjóðleikhúsinu næstkomandi sunnudagskvöld kl. 20.00. Með þeim koma fram **Nadia Sirota** viola, **Una**

eru báðir úr framlínu norskrar tónlistar. Trompetleikarinn **Nils Petter Molvær og Eivind Aarset** gítarleikari deila þeirri afstöðu með Marilyn Mazur, að tónlist morgundagsins verði í auknu mæli án allra landamæra og dýpt í tónlist felist meðal annars í því að halda opnum eigin móttökum og gæta þess að dæma ekki úr leik tónlist úr óvæntum áttum. Meðleikari Sidsel Endresen á tónleikum á Listahátíð er saxófónleikarinn **Håkon Kornstad**. Nýjasta plata hans "Dwell Time " hefur hlotið einróma lof gagnrýnenda sem keppast um að mæra hinn unga tónlistarmann sem líkt og aðrir tónlistarmenn á þessum tónleikum á Listahátíð í Reykjavík leitast við stuðla að því að ný form tónlistar verði til.

[Kaupa miða](#)

14.30 og 16.00, þar sem hún galdrar fram allar persónur ævintýrisins, eina af annarri, á stultum og í gríðarstóru pilsí. Aðgangur er ókeypis. Í gær opnuðu tvær af 21 ljósmyndasýningum á Listahátíð í Reykjavík 2010; sýningar Katrínar Elvarsdóttur í Gallerí Ágúst og Einars Fals Ingólfssonar í Þjóðminjasafninu. Í dag opna sýningar á ljósmyndaverkum úr safni Péturs Arasonar og Rögnu Róbertsdóttur á Kjarvalsstöðum, sýningin Situations and other Photo Works 1970-1982 eftir Sigurð Guðmundsson opnar í i8 Gallery og sýning Ragnars Axelssonar opnar í Crymogeu. Á laugardag og sunnudag opna svo alls 12 ljósmyndasýningar, meðal annars sýning hinnar heimsþekktu listakonu Cindy Sherman á myndröð sinni Untitled Film Stills í Listasafni Íslands og sýning Gary Schneiders, Nekt, í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi. [Sjá yfirlit yfir allar ljósmyndasýningar hér.](#)

Sveinbjarnardóttir fiðla, **Borgar Magnason** kontrabassi og **Helgi Hrafn Jónsson** básúna og söngur.

Daníel Bjarnason, tónskáld og stjórnandi, opnar tónleikana með eigin verki fyrir litla hljómsveit en með honum leikur á píanó íslenska undrabarnið **Víkingur Heiðar Ólafsson**. Dagskráin verður byggð upp í sönnum Bedroom Community anda, þar sem allir listamennirnir taka virkan þátt í að flytja tónlist hvers annars á sviðinu, og er kvöldið því ekki hólfað niður, heldur líður lagalistinn á milli nýklassískra tónsmíða Nicos, raftónlistar Valgeirs, noise-tónlistar Bens og þjóðlaga sem Sam hefur sett í nýjan búning.

*Úr umfjöllun The Reykjavík Grapevine um tónleika Bedroom Community 17.10.2009.

[Kaupa miða](#)



Listahátíð í Reykjavík / Reykjavík Arts Festival | Lækjergata 3b | Pósthólf 88 | 121 Reykjavík
Sími [+354] 561 2444 | Fax [+354] 562 2350 | www.listahatid.is | artfest@artfest.is

Ef þú sérð ekki póstin smelltu [hér](#) - Smelltu [hér](#) til að skrá þig úr Klúbbi Listahátíðar